

Selfossi, 20. nóvember 2023  
2311140


Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

**Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um tillögu til þingsályktunar um bættar vegasamgöngur yfir Hellsheiði. 58, mál.**

Á 62. fundi bæjarráðs Árborgar sem haldinn var 16. nóvember sl. var eftirfarandi bókað í fundargerð:

*Bæjarráð tekur undir mikilvægi þess að tryggja þurfi umferðaröryggi og bættar vegasamgöngur fyrir íbúa og fyrirtæki sem starfrækt eru á svæðinu sem og aðra vegfarendur sem um veginn fara.*

Virðingarfyllst,

  
Rósa Sif Jónsdóttir  
ritari





## Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

### Þingsályktunartillaga um bættar vegasamgöngur um Hellisheiði – 58.mál á 154.löggjafarþingi - umsögn Vegagerðarinnar

Yðar tilvísun:

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um bættar vegasamgöngur um Hellisheiði, mál nr. 58 á 154. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að innviðaráðherra verði falið að stofna starfshóp sem hafi það að markmiði að greina og koma með tillögum um hvernig bæta megi vegasamgöngur yfir Hellisheiði svo að ekki þurfi að koma til ítrekaðra lokana yfir vetrarmánuði. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er m.a. nefnt að kanna þurfi möguleika á að setja hluta Hellisheiðar í stokk.

Vegagerðin tekur undir það sem kemur fram í greinargerð með þingsályktuninni að Hellisheiði sé mjög mikilvægur hlekkur í vegakerfinu enda var ársdagsumferð um Hellisheiði árið 2022 um 10.000 ökutæki/sólarhring, meðalumerferð að sumri var 12.500 ökutæki/sólarhring og vetrardagsumferð VDU 7.100 ökutæki/sólarhring. Umferð á Hellisheiði hefur vaxið jafnt og þétt, þó með nokkrum sveiflum í takt við efnahagsástand. Umferðin hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu 2000 eða að jafnaði um 3,4% á ári og sé miðað við árið 2012 hefur árleg aukning að jafnaði verið um 4,9%.

Hringvegur um Hellisheiði á um 14,8 km kafla frá Hveragerði að Hamragilsvegamótum var endurbyggður og breikkaður í fjórar akreinar um Kamba en annars í þrjár akreinar á árunum 2013-2016.

Auk almennrar umferðar eru almenningsamgöngur jafnframt mikilvægar fyrir þá sem sækja vinnu og þjónustu á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands. Leiðir 51 og 52 aka yfir Hellisheiði og var heildarfjöldi farþega á þessum leiðum 94.555 árið 2022 en voru 103.491 árið 2019. Farþegum fækkaði verulega á meðan heimsfaraldri stóð en hefur nokkurn veginn gengið til baka. Hluti þessara farþega er að ferðast milli staða á Suðurlandi eða innanbæjar á höfuðborgarsvæði en áætlað er að um 72% farþega fari um Hellisheiði, sem jafngildir um 68.000 farþegum árið 2022 og 74.700 farþegum árið 2019. Farþegafjöldi árið 2022 var því að jafnaði um 190 farþegar á hverjum degi. Sé hlutdeild almenningsgangna mælt sem hlutfall farþega á móti ársdagsumferð var hún 2,2% árið 2019 en 2,0% árið 2022. Hafa ber þó þann

fyrirvara að fjöldi farþega í hverjum bíl er ekki þekktur og því miðar hlutfall farþega við að einn aðili sé í hverju ökutæki.

Þrengslavegur tengir Þorlákshafnarveg við Hringveg á Hellisheiði. Frá Hveragerði er sú leið um 11 km lengri og virkar sem hjáleið fyrir Hellisheiði þegar hún lokar. Árin 2014-2022 lokaðist Hellisheiði alls 117 sinnum í samtals 905 klst., þ.e. 13 sinnum á ári að meðaltali í um 8 klst. í senn. Þrengslavegur lokaðist á sama tímabili alls í 86 skipti í samtals 671 klst., þ.e. að meðaltali 11 sinnum á ári í um 7 klst. í senn að meðaltali.

Þrengslavegur virkar sem hjáleið fyrir Hellisheiði þegar hún lokar en í mörgum tilfellum eru aðstæður þannig að Þrengslavegur lokar á sama tíma og Hellisheiði. Það er þó ekki alltaf raunin og er reynslan sú að fyrir árin 2014-2022 er hjáleið um Þrengslin opin í um 27% tilfella þegar Hellisheiðin lokar.

Vegurinn yfir Hellisheiði var breikkaður á árunum 2013-2016 og er nú komin ágæt reynsla á því hvernig hann hefur reynst við vetraraðstæður. Breikkunin hefur skilað góðum árangri í fækkun slysa með meiðslum en fjöldi óhappa án meiðsla hefur aukist. Séu slys og óhöpp án meiðsla tekin saman er slysatíðnin 0,78 óhöpp og slys á hverja milljón ekna km á árunum 2017-2021 en var 0,71 fyrir árin 2010-2014. Sé eingöngu horft til slysa með meiðslum þá hefur slysatíðnin lækkað úr 0,22 slysum fyrir hverja milljón ekna km árin 2010-2014 í 0,12 á árunum 2017-2021.

Vegagerðin telur að í stað þess að fara í kostnaðarsamar aðgerðir eins og yfirbyggðan stokk yfir Hringveg um Hellisheiði væri mögulegt að ráðast í minni aðgerðir til að bæta aðstæður á veginum og umhverfi hans við vetraraðstæður sem gætu auðveldað vetrarþjónustu og þannig gætu óhjákvæmilegar lokanir vegna veðurs orðið styttri en í dag.

Í tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038 sem lögð var fram á Alþingi þann 6. október síðastliðinn er gert ráð fyrir að framkvæmdir við breikkun Þrengslavegar á um 2 km kafla í Skógarhlíðarbrekkum geti hafist árið 2028 og ljóst að möguleikar eru á frekari uppbyggingu Þrengslavegar sem hjáleidar fyrir Hringveg um Hellisheiði.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Guðmundur Valur Guðmundsson  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin